

12. febrúar 2015

Til Xxxx fulltrúa í stýrihópi *fagráðs um símenntun og starfsþróun kennara*

Rætt hefur verið um það á vettvangi fagráðs og stýrihóps að mikilvægt væri að spyrjast fyrir um afstöðu hagsmunaaðila til þess hvernig þeir sjái hlutverk sitt, ábyrgð og skyldur þegar kemur að símenntun og starfsþróun kennara og skólastjórnenda. Þetta er mikilvægt til þess að finna út um hvaða efnisatriði er samhljómur eða samstaða og um hvað efni eru ólíkar áherslur eða jafnvel ágreiningur, sem þyrfti að leysa. Auk þess er mjög mikilvægt fyrir alla aðila að vita hvert hver aðili stefnir í þessum málaflokki til þess að vita í hvaða mæli þeir gangi í takt. Svörin frá hverjum aðila eru ekki aðeins upplýsindi fyrir fagráðið sem er samráðsvettvangur um þessi mál heldur skýr skilaboð til annarra hagsmunaaðila sem þeir geta tekið tillit til. Jafnframt því að svara útfrá eigin ranni er velkomið að greina í stuttu máli frá hugmyndum ykkar um það sama varðandi aðra hagsmunaaðila.

Spurningin er opin en bent skal á að Jón Torfi Jónasson, sem situr í fagráðinu, setti fram nokkrar vangaveltur um efnisþætti sem ástæða væri til að ræða í þessu samhengi í skjali með yfirskriftinni *Rök fyrir nýrri hugsun í menntakerfinu um starfsþróun kennara og spurningar um útfærslu hennar*. Tilvitnun í þetta skjal má sjá hér á eftir.

Atriði sem stýrihópurinn vill sérstaklega minna á og kalla eftir að tekin verði fyrir í umræðu ykkar og svörum eru eftirfarandi:

- stefna, hvað varðar símenntun og starfsþróun kennara og skólastjórnenda
- skipulag starfsþróunar
- ólíkar aðstæður skóla (sveitarfélaga) og ólíkar aðstæður kennara eftir búsetu
- stjórn málefna starfsþróunar og stefnumótun af hálfu þess hagsmunaaðila sem svarar þessu, en einnig um aðild annarra
- mismunandi hópar kennara (námsgreinar, skólastig og fleira)
- innihald og form starfsþróunar eða símenntunar, á hvaða þætti ber að leggja áherslu varðandi hvorn þessara þátta fyrir sig
- samstarf við aðra hagsmunaaðila, þ.e. hvaða fyrirkomulag samráðs er farsælast til þess að efla þennan þátt í þróun skólastarfs
- fjármál

Að auki er æskilegt að fjallað verði um það sem kann að vera sérstaklega á döfinni varðandi málaflokkinn innan ykkar vébanda.

Vonast er til að þið náðið til sem flestra í ykkar baklandi til að fjalla um málið. Ef það hentar betur geta svarbréf verið fleiri en eitt.

Þess er óskað að svör berist undirritaðri innan fimm vikna og eigi síðar en 13. mars.

Með kærri kveðju,

Sólrún Harðardóttir
starfsmaður fagráðs

Fagráð kom sér saman um eftirfarandi skilgreiningu á hugtakinu starfsþróun:

Starfsþróun er samfellt meðvitað og mótað ferli sem leiðir til umbóta og jákvæðrar þróunar. Hún er beintengd daglegu starfi kennara með nemendum og skipulögð í kringum raunveruleg viðfangsefni starfsins. Hún hefur skýran tilgang og markmið og miðar að því að efla færni og þekkingu starfsfólks skóla og auka gæði í starfi. Hún á sér stað í faglegu lærdómssamfélagi, er augljós og samofin hluti daglegs starfs fagfólks skóla og ber einkenni af menningu samfélags í þróun. Hún felur m.a. í sér formlegt nám, innleiðingu í starf á fyrsta starfsári, námskeið, rannsóknir á eigin starfi, þátttöku í þróunarverkefnum, ráðgjöf, ráðstefnur, fræðilestur, skólaheimsóknir svo eitthvað sé nefnt. Stefnumiðuð starfsþróun stuðlar að aukinni starfsánægju, hefur áhrif á árangur í starfi og minnkar líkur á kulnun eða brotthvarfi kennara úr starfi.

Úr skjali Jóns Torfa Jónssonar, Rök fyrir nýrri hugsun í menntakerfinu um starfsþróun kennara og spurningar um útfærslu hennar.

3 Afstaða hagsmunaaðila og spurningar til þeirra

Mikilvægt er að grennslast fyrir um hvernig þessi málaflokkur, símenntun og starfsþróun, kemur við sögu í stefnumótun og starfi ólíkra aðila. Það er vissulega hlutverk fagráðsins að vera virkt í stefnumótunarumræðu, en það þarf jafnframt að kanna hver sé hugur ólíkra aðila og hvað sér á döfinni á þeirra vettvangi og leitast við að tryggja að málið sé á dagskrá.

Vitanlega mun fagráðið síðan taka mið af þessu og ýta á að stefna þessara aðila verði ydduð og starf þeirra spegli hana. Það er ljóst að allir hagsmunaaðilar sem nefndir eru hér að neðan hafa staðfest áhuga sinn á málinu með virkri þátttöku í fagráðinu.

3.1. Stjórnvöld; ríki og sveitarfélög

Ríkisvaldið hefur staðfest afstöðu sína til málsins með formlegri stofnun fagráðsins og ráðherra undirstrikaði þann áhuga á fundi sínum með ráðinu. Það var mjög afdráttarlaust og mikill stuðningur við ráðið. Samt sem áður er rétt að beina því til ráðherra hvort ráðuneytið muni hlutast til um að mótuð verði sjálfstæð stefna ráðuneytisins í málaflokknum eða hvort það mun bíða hugmynda fagráðsins og taka síðan afstöðu til þeirra. Sérstaklega þarf að inna ráðherra eftir sjónarmiðum varðandi fjármögnun starfsþróunar og hvort þeirri stefnu verði framhaldið að tengja fjármagn til starfsþróunar mestmegnis kjarasamningum.

Að breyttu breytanda má beina svipuðum spurningum til sveitarfélaga. Jafnframt þarf að spyrja sérstaklega hvaða stefnu Sambandið hafi og vilji beina til sinna aðildarfélaga. Það snertir ekki aðeins kjarasamning, heldur einnig afstöðu til mikilvægis þessa málaflokks, t.d. hvaða hugmyndir séu upp til að liðka fyrir því að kennarar geti sótt námskeið eða sinnt starfsþróun, sem nú er víða erfitt vegna álags á vinnustað.

Jafnframt er eðlilegt að inna stjórnvöld, ekki síst sveitarfélögin, eftir því hvernig þau hafi hugsað sér samstarf við háskólana sem þurfa stuðning og samstarf til þess að geta sinnt þessum þætti af þeirri kviku (dýnamík) sem er nauðsynleg. Það þarf að spyrja sveitarfélög hvort þau fallist á að samstarf sé nauðsynlegt til þess að stofnanir hafi nægilegt bolmagn til endurnýjunar svo þær geti sinnt þessum þætti. Það fyrirkomulag eða verklag sem nú er almennt við lýði bendir til þess að stjórnvöld líti ekki á starfsþróun sem hluta af lykilstarfsemi þeirra stofnana sem sinna grunnmenntun starfsstétta, heldur sem jaðarverkefni. Telji Samband íslenskra sveitarfélaga sig ekki umkomið að svara þessum spurningum er þó rétt að spyrja bæði hver sé stefna þess fyrir sitt leyti og hvort það vilji jafnframt beina þessum spurningum til sinna umbjóðenda eða taka þær til umræðu á síunum vettvangi?

Mikilvægt er að bæði ráðuneytið og Sambandið láti í ljósi hvaða sjónarmið um símenntun séu ekki í heiðri höfð af þeim hagsmunaaðilum sem sitja í fagráðinu og hvað í viðhorfum eða framkvæmd ætti því að færa til betri vegar af þeirra hálfu. Þessu yrði beint til annarra aðila eins og við á.

3.2. Samtök kennara og annarra fagaðila

Samtök kennara hafa sýnt þessum þætti sérstakan áhuga um langa hríð, sem speglast í skólastefnu og jafnframt í kjarasamningum. Í stefnu KÍ er lög áhersla á símenntun kennara, en sú áhersla fléttast ekki skýrt inn í kafla um kennara eða um skóla. Því mætti beina til félaganna hvort til greina kæmi að flétta hugmyndina um starfsþróun betur eða skýrar inn í alla þætti stefnunnar (hún kemur víða óbeint við sögu) og jafnframt árétta hugmyndina um skólaþróun, sem felur í sér sameiginlega þróun stofnunar, sem er annað en þróun í skólanum. Þetta myndi að vísu kalla á að fé væri veitt líka til þessa þáttar umfram það sem nefnt er um fé til skóla.

Rétt er að beina því til þessara félaga hvort ekki sé hugsanlegt eða kunni jafnvel að reynast farsælla að fara aðrar leiðir í fjármögnun starfsins, þannig að það fé sem veitt er til þessa málefnis fari í farveg sem betur sé hægt að nota sem sameiginlegt verkfæri hóps kennara eða skóla eða sveitarfélaga? Vegna þess að talsvert fé til símenntunar er bundið kjarasamningum og fráleitt að ætla að það yrði látið af hendi af hálfu launþega, kæmi þá hugsanlega til greina að fella það inn í bein kjör og byrja að einhverju leyti upp á nýtt? Það skapaði vitaskuld tímabundið vandamál, og þegar upp er staðið, kröfu um meira fé. Stjórnvöld eru hugsanlega ekki reiðubúin til að ganga að því en hér er samt gert ráð fyrir að slíkar breytingar væru gerðar í skrefum og séu nauðsynlegar. Þetta er atriði sem þarf að ræða, þ.e. annars vegar stjórnun fjárins og hins vegar breytt fyrirkomulag. Spurninguna mætti líka orða opnar, þ.e. kæmi til greina annað fyrirkomulag fjármögnunar starfsþróunar?

Mikilvægt er að bæði KÍ láti í ljósi hvaða sjónarmið um símenntun séu ekki í heiðri höfð af þeim hagsmunaaðilum sem sitja í fagráðinu og hvað í viðhorfum eða framkvæmd ætti því að færa til betri vegar af þeirra hálfu. Þessu yrði beint til annarra aðila eins og við á.

3.3. Háskólar

Það er athyglisvert að háskólar virðast almennt líta á símenntun og starfsþróun þeirra stétta sem þeir mennta að grunni til, sem jaðarstarfsemi sem ekki tilheyrir þeirra kjarnastarfi. Það er rétt að beina því til háskólanna hvort þetta sé í raun svo og eigi að vera þannig og að hvaða marki starfsþróun og símenntun í víðum skilning sé eða ætti að vera hluti af þeirra megin verksviði. Jafnframt ætti að inna þá eftir því hver almenn stefna þeirra sé hvað varðar þessi verkefni og hvað sé til marks um þá stefnu sem þeir hafa eða vilja móta til framtíðar.

Jafnframt er nauðsynlegt að inna þá eftir því hvert sé formlegt samstarf og samráð við vettvang þeirra stétta sem þeir mennta, hvort sem um er að ræða grunn- eða símenntun eða starfsþróun og hvaða stefna sé til um þessi efni eða sé fyrirhuguð. Hér er haft í huga það hlutverk og eðli fagráðsins að stuðla að virku samtali aðila. Sé samráðið ekki formlegt er nauðsynlegt að grennslast fyrir um ástæður þess vegna þess hve efnislega mikilvægt það ætti að vera. En jafnvel þótt fallist væri á samráð af hálfu háskólanna hvað varðar menntun kennara er ekki ljóst við hverja það ætti að vera, t.d. virðist oft mjög eðlilegt að hafa samband við tiltekna faghópa, svo sem faggreinafélög eða tiltekna hópa skólastjórnaenda eins og almenn kjarasamtök fagstétta.

Mikilvægt er að háskólarnir láti í ljósi hvaða sjónarmið um símenntun séu ekki í heiðri höfð af þeim hagsmunaaðilum sem sitja í fagráðinu og hvað í viðhorfum eða framkvæmd ætti því að færa til betri vegar af þeirra hálfu. Þessu yrði beint til annarra aðila eins og við á.

3.4. Fagráð um starfsþróun

Fagráð verður líka að svara mikilvægum spurningum um hvaða hlutverki það ætlar að sinna í stefnumótun – þ.e. um hvaða þætti það ætlar að leggja til stefnu og hvernig þessi stefnumörkun eigi að birtast, hvernig það ætlar að rækja samráð milli ólíkra aðila og ýta undir samráð á milli þeirra, hvernig það ætlar að tryggja upplýsingamiðlun á sínu verkswiði og hvernig það ætlar að hlutast til um aukna virkni á þessu sviði.